



ÁRBÚINN

Skátafélagið Árbúar - Hraunbæ 123 - 110 Reykjavík - kt: 491281-0739

FRÉTTABRÉF



Hristingur

Á Hristingi 3 fórum við upp í Lækjarbotna. Þegar við komum þangað var allt á floti í eldhúsinu og í einu herberginu var tveggja stiga kuldi. Gísli og Hafdís eru kokkar undir stjórn Hildigunnar, Daði og Tómas kvöldvökustjórar með hjálp frá Sædísi og María og Hörður blaðamenn.

Sigtryggur, Pórey, Hafdís, Kristjana, Róbert, Ásmundur, Guðjón, Gísli, Rúnar, Bjarki voru að gera göngustafi eða að föndra með hjálp frá Lindu, Daníeli og Brynju. Fjöldi foreldra og ættmenna kom svo í heimsókn þegar víglan fór fram.

Morgunfréttir

Morguninn hófst snemma með því að Kristjana varð veik og þurfti að fara heim um klukkan 4. Ákveðið var því að sofa aðeins lengur. Svo var borðaður morgunmatur og gengið frá. Eftir það fóru allir krakkarnir út og upp í brekku á rassapotur og skemmtu sér í snjónum.

Við þökkum kærlega fyrir þennan æðislega Hristing og hlökkum til næsta í janúar.

Gleðilega hátíð og takk fyrir haustönnina.

Göngustafir

Núna voru nokkrir krakkar að skreyta göngustafina sína sem þeir byrjuðu að gera á síðasta Hristingi. Þeir notuðu bönd, hömruðu nagla í þá, settu leður og margt fleira. Daníel og Linda sáu um að aðstoða þau við þetta.

Sædís og Brynja byrjuðu líka á sínum stöfum.

Þau eru að skemmta sér vel og gengur allt vel.



Kokkaverkefni

Eftir að búið var að þurrka eldhúsið og koma eldavélinni í gang án þess að taka rafmagnið af fóru Hafdís og Gísli að skera niður sláturinn sem var með grjónagrautum. Nammi namm!

Gísli segir: "Þetta er geðveikt gaman". Það var mandla í grautum og fékk Kristjana möndluna. Í gjöf var prumpblaðra og vasaljós.

Kvöldvökufréttir

Tómas og Daði sáu um kvöldvökuna sem var með jólablæ að þessu sinni.

Þeir skýrðu kvöldvöktjórnina Awesomness. Daði er að skipuleggja, Sædís finnst þetta skemmtilegt og er að rifja upp lögin. Tómas er svo að skipuleggja atriði. Það er mjög gaman og þetta var rosalega skemmtilegt. Á kvöldvökunni voru nýjir félagar vígðir, aðrir fengu ný merki aftan á klútinn sinn og fálkaskátarnir fengu afhentar perlur fyrir veturinn.

